

Þjóðarhöll ehf.

Ársreikningur 2024

Þjóðarhöll ehf.
kt: 460324-0840
Lindargata 1,
101 Reykjavík

Þjóðarhöll ehf.

Ársreikningur

2024

Efnisyfirlit

	bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Yfirlit um sjóðstreymi	5
Skýringar	6-7

Skýrsla og áritun stjórnar

Ársreikningur Þjóðarhallar ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Tap var af rekstri félagsins á árinu 2024 að fjárhæð 7,1 millj.kr. Eignir námu í árslok 1,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi og eigið fé var neikvætt um 5,1 millj. kr.

Félagið var stofnað á árinu 2024 í þeim tilgangi að standa að undirbúningi að byggingu þjóðarhallar í Laugardal í Reykjavík í samræmi við þann fjárhagsramma sem félaginu er markaður.

Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps. Engir starfsmenn störfuðu hjá félaginu á árinu 2024.

Samkvæmt ákvörðun stofnfundar félagsins 10. janúar 2024, sem og í árslok, skiptist hlutafé félagsins þannig að Reykjavíkurborg á 45%, Ríkissjóður Íslands 55%.

Stjórn Þjóðarhallar ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 2. júní 2025

Stjórn Þjóðarhallar ehf.

 Hósi Harkson
Hella Ógmús Völnadóttir
Ólía Þrúardóttir

Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	Ársreikningur 2024
Rekstrargjöld		
Laun og tengd gjöld	3	8.422.536
Rekstrargjöld samtals		8.422.536
 Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		 (8.422.536)
Tekjuskattur	5	0
Rekstrarhagnaður (tap)		(8.422.536)

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	Ársreikningur 31.12.2024
Eignir		
Veltufjármunir		
Kröfur á tengda aðila		10.000.000
Veltufjármunir		<u>10.000.000</u>
Eignir samtals		<u><u>10.000.000</u></u>
 Skuldir og eigið fé		
Eigið fé	4	
Hlutfé		10.000.000
Óráðstafað eigið fé		<u>(8.422.536)</u>
Eigið fé		<u>1.577.464</u>
 Skammtímaskuldir		
Ýmsar skammtímaskuldir		8.422.536
Skammtímaskuldir		<u>8.422.536</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>10.000.000</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit 2024

	Skýr.	Ársreikningur 2024
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður (Tap) ársins		(8.422.536)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi :		
Reiknaður tekjuskattur		0
Veltufé frá (til) rekstrar		(8.422.536)
Skammtímakröfur, breyting		(10.000.000)
Skammtímaskuldir, breyting		8.422.536
Handbært fé til rekstrar		(10.000.000)
Fjármögnunarhreyfingar		
Innborgað hlutafé		10.000.000
Reykjavíkurborg, viðskiptastaða		0
Fjármögnunarhreyfingar		10.000.000
Breyting á handbæru fé		0
Handbært fé í ársbyrjun		0
Handbært fé í árslok		0

Skýringar

1. Starfsemi

Þjóðarhöll ehf er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkafélög og er félagið með aðalstarfsstöð í Reykjavík. Félagið var stofnað 10. janúar 2024 og er tilgangur þess að standa að undirbúningi að byggingu þjóðarhallar í Laugardal í Reykjavík í samræmi við þann fjárhagsramma sem félaginu er markaður.

Félagið skal halda utan um áætlanagerð og kostnaðaráætlanir vegna verkefnissins og vinna að gerð útboðsskilmála og útboðsgagna í samræmi við lög um opinber innkaup. Félagið tekur jafnframt við verkefnum framkvæmdanefndar sem áður kom að undirbúningi verkefnissins. Félagið skal svo fljótt sem verða má eftir stofnun þess hefja forval fyrir samkeppnisútboð sem felur í sér hönnun og byggingu þjóðarhallar. Skuldbindandi samkeppnisútboð mun þó aðeins fara fram eftir að hluthafar hafa tryggt fjármögnun verkefnissins. Þa skal félagið leita til opinberra aðila á vegum ríkis og borgar með þjónustu á sviði opinberra innkaupa og framkvæmdamála eftir því sem þurfa þykir.

Hagnaði af eignum félagsins skal ráðstafað í þágu tilgangs félagsins eins og hann er skilgreindur í samþykktum þessum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur þjóðarhallar ehf. er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Innlausn tekna

Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Skýringar framhald

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurgreinast þannig:

	2024
Laun stjórnarmanna	7.200.000
Launatengd gjöld	1.222.536
	8.422.536

Hjá Þjóðarhöllinni ehf. starfaði enginn starfsmaður á árinu 2024.

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.2024	10.000.000	0	10.000.000
Tap ársins		(8.422.536)	(8.422.536)
Eigið fé 31.12.2024	10.000.000	(8.422.536)	1.577.464

Skattstofnar félagsins sem fram koma í ársreikningnum eru neikvæðir og kemur því ekki til greiðslu tekjuskatts á árinu 2025.